

Frá ritstjóra

Í þetta sinn hefur tekist að koma Tímariti félagsráðgjafa út að sumri fremur en að hausti. Stefnan var að koma ritinu út að vori og mjökkumst við í ritstjórninni nær því takmarki. Útlit var fyrir að ekki tækist að gefa út ritið á þessu ári þar sem fáar greinar bárust en svo bárust greinar um það leyti sem frestur var að renna út og þá var ráðist í að koma ritinu út á þessu ári. Félagsráðgjafar sem og annað fagfólk á sviði félags-og heilbrigðisvísinda er því hvatt til að skrifa greinar í ritið.

Talsvert langt ferli býr að baki þegar ný útgáfa lítur dagsins ljós. Greinarhöfundar hafa lagt sitt af mörkum við að rita greinarnar sem í sumum tilfellum byggja á annarri vinnu sem greinarhöfundur hefur lagt á sig, t.d. rannsóknarvinnu eða vinnu við að setja á fót tiltekið úrræði. Þegar greinar hafa verið sendar inn fara sumar þeirra í ritrýningu til tveggja ritrýnenenda ef að greinarhöfundar óska þess. Greinarhöfundar lagfæra svo greinar sínar eftir að hafa fengið athugasemdir ritrýna. Ritrýnar eru valdir með efni viðkomandi greina í huga og fara þeir ítarlega yfir greinarnar. Tveir aðilar úr ritnefnd lesa yfir óritrýndar greinar og gera athugasemdir við þær. Því næst eru greinarnar prófarkalesnar og lagfæra höfundar aftur greinarnar að því loknu. Allt þetta er gert með því augnamiði að efnið sem gefið er út sé vandað og lesendur hafi bæði gagn og gaman

af. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að birta leiðbeiningar um greinarskrif og skil í ritið í útgáfu þessa rits en einnig er hægt að finna þær á heimasíðu félagsins.

Í þessari útgáfu Tímarits félagsráðgjafa er að finna greinar um fjölbreytt efni að venju. Í ritinu er grein um dáleiðslumeðferð sem meðferðaraðferð til að bæta líðan þeirra sem eiga við geðræn vandkvæði að etja. Einnig er grein í ritinu um börn og fátækt. Í greininni er fjallað ítarlega um skilgreiningar á fátækt, sjórnarhorn barnafræða og gefið yfirlit yfir íslenskar rannsóknir á sviðinu. Í ritinu er jafnframt að finna grein um unglings í vanda sem barnaverndarafskipti hafa verið af vegna áhættuhegðunar. Í greininni er m.a. fjallað um áhættuþætti og aðstæður unglinganna, birtingarmyndir áhættuhegðunar og úrræði sem beitt er í málum þeirra. Grein um fjölskyldusamráð er í ritinu, en hún byggist á viðtölum við þrjá unglings sem hafa upplifað fjölskyldusamráð sem vinnuaðferð þegar um barnaverndarafskipti hefur verið að ræða. Að lokum eru tvær stuttar greinar, ein um Geðræktarmiðstöðina Setrið og önnur um ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Fyrir hönd ritnefndar,
Freydís Jóna Freysteinsdóttir